


Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2023

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar varðandi leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum, 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 10 – 10. mál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri

# UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum

## 154. löggjafarþing 2023-2024

### Þingskjal 10 – 10. mál

Rauði krossinn á Íslandi fagnar því að á ný sé lögð fram þingsályktunartillaga þess efnis að Alþingi álykti að fela félags- og vinnumarkaðsráðherra að undirbúa lagasetningu um leyfisskyldu og eftirlit með rekstri áfangaheimila, skilgreiningu þeirra og hlutverk. Félagið sendi inn stutta umsögn um tillöguna þegar hún var lögð fram á 153. löggjafarþingi (549. mál) og ítrekar stuðning sinn við málið og vísar til þeirrar umsagnar um nánari rökstuðning.

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir að hitta velferðarnefnd til þess að ræða framangreindar athugasemdir og svara spurningum sé þess óskað.